

en séu að öðru leyti sýknir af kröfum og kærum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn hinn 10. ágústmánaðar.

Nr. 22/1908:

Einar M. Jónasson
gegn
Davíð Østlund.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, cand. jur. Einar M. Jónasson, gegn trúboða Davíð Östlund fyrir bæjarþings-
rétti Reykjavíkur út af umboðslaunum fyrir sölu á hús-
eign stefnda, sem áfrýjandi gerði kröfu til, og var mál-
inu ráðið til lykta með dómi nefnds réttar, uppkveðn-
um 9. apríl þ. á., á þá leið, að stefndi var algerlega
sýknaður í málinu, málskostnaður var látinn falla niður,
nokkur tilgreind orð í sóknarskjali áfrýjanda fyrir bæ-
jarþinginu voru dæmd dauð og ómerk, og áfrýjandi
sektaður fyrir þau um 5 kr. til landssjóðs. Þessum
dómi hefir cand. jur. Einar M. Jónasson skotið til yfir-
dómsins með stefnu, útgefinni 14. maí þ. á., og hefir
hann gert þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til
að greiða sér hin umkröfðu umboðslaun, aðallega 730
kr., en til vara 490 kr., með vöxtum 6 af hundraði frá
sáttakærudegi, og allan kostnað málsins fyrir báðum rétt-

um eftir mati yfirdómsins; svo krefst hann og þess, að sektarákvæðið verði felt úr gildi. — Stefndi Davíð Östlund trúboði hefir af annari hálfu krafist þess, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Fyrir nálægt $2\frac{1}{2}$ ári síðan beiddi stefndi áfrýjanda, sem fengist hefir við húsasölu hér í bænum, að selja hús sitt nr. 23 í Þingholtsstræti, og nokkru síðar lét hann áfrýjanda fá skriflega skýrslu um leiguupphæðir eftir það, lóðarstærð þess, lægst verð, er selja mætti það fyrir, og sölulaun, ef það seldist, en að öðru leyti gerðu málsaðilar eigi skriflegan samning um söluumboðið. Um sama leyti, eða litlu síðar, bað stefndi 2 aðra nafngreinda menn að selja þetta sama hús fyrir sig. En nokkru síðar, er stefndi var staddur í Vestmanneyjum, skrifar hann áfrýjanda og segir honum, að »með tilliti til húsasölu sé eigi vert að gera neitt verulega fyrir en hann komi heim.« Stefndi hafði og auglýst í blaði, er hann gaf út, að stórt íbúðarhús væri til sölu og mætti semja um það við áfrýjanda, og var þetta húsið nr. 23 í Þingholtsstræti. Áfrýjanda tókst þó eigi að selja húsið. En stefndi seldi það síðar sjálfur, eða fyrir milligöngu annars manns fyrir 24500 kr. Taldi áfrýjandi þá að umboðssamningurinn væri rofinn af hálfu stefnda, og þóttist eiga heimtingu á skaðabótum eða sölulaunum, sem hann hélt fram að heitið hefði verið, og gerði hann samkvæmt því kröfu til sölulauna, $2\frac{0}{10}$ af 24000 kr., sem er 480 kr., og helming þess, er húsið seldist fram yfir 24000 kr., það er helmings af 500

kr., eða 250 kr., samtals 730 kr., en til vara krafðist hann 2% af allri söluupphæðinni, sem sé 490 kr.

Þó að stefndi beiddi áfrýjanda að selja áminst hús fyrir sig á þá leið sem að framan er lýst, verður eigi álitid, að hann með því hafi skuldbundið sig til þess, að láta engan annan selja það, eða selja það eigi sjálfur, ef færi byðist, og verður fyrir því eigi á það fallist, að áfrýjandi hafi tengið óafturkallanlegt einkaumboð til söluunnar. Þá verður eigi heldur álitid að stefndi hafi lofað áfrýjandi sölulaunum af húsinu, nema því að eins að það seldist fyrir hans milligöngu, sem eigi varð. Þó að áfrýjandi kunni að eiga kröfu til ómakslauna fyrir starf það, er hann hefir unnið að því að reyna að selja húsið, — en um borgun fyrir þessa fyrirhöfn hefir eigi verið sérstaklega rætt í málinu, — þá getur hann eftir framansögðu ekki átt heimtingu á sölulaunum þeim fyrir húsið, sem hann gerir kröfu til, og verður að fallast á niðurstöðu bæjarþingsdómsins að þessu leyti; ákvæði dómsins um málskostnað, ómerking meiðyrða og sekt fyrir þau samþykkjast einnig, þó svo, að áfrýjandinn verður fyrir ósæmilegan rithátt einnig að greiða sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkur, er ákveðst 5 kr., sbr. N. L. 1—12—3 og tilsk. 23. desbr. 1735, 2. gr. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Einar M. Jónasson greiði sekt til fátækra sjóðs

Reykjavíkur 5 kr. og málskostnað fyrir yfirdómi til stefnda Davíð Östlund 15 krónur.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 24. ágústmánaðar.

Nr. 32/1908:

Réttvísinn

gegn

Guðnýju Gísladóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, gengnum 1. febr. þ. á., var stúlkan Guðný Gísladóttir frá Búðarhóli dæmd samkvæmt 195. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir að ala barn í dulsmáli til að sæta betrunarhússvinnu í 3 mánuði og til að greiða allan af málinu gegn henni löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til Einars hreppstjóra Jónssonar í Hrauk, 12 krónur, en dómi þessum er af réttvísinnar hálfu áfrýjað til yfirdómsins. Það er sannað með eigin játningu ákærðu og öðrum skýrslum málsins, að sunnudagsmorgunin 4. ágúst f. á. ól ákærða stúlkubarn í hlöðu á heimili sínu Búðarhóli, þar sem hún þá var vinnukona, og gróf það því næst á 5. degi eftir fæðinguna í haug við vatn norðan við bæinn. Ákærða hafði áður leynt því og ekki viljað við það kannast, að hún væri vanfær, en nefndan sunnudagsmorgun fann hún að komið var að því, að hún mundi fæða, og fór